

Öflug landbúnaðarframléiðsla er náðargjöf

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, telur að vatnaskil hafi orðið í umræðu um landbúnað

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti íslenska lýðveldisins, er 66 ára gamall í dag, 14. maí. Í tilfinni af afmæli forsetans tók Bændablaðið hann tali og ræddi við hann um rætur hans, fæðuöryggi, framtíð íslensks landbúnaðar og íslensks þjóðlífs.

Bládamaður Bændablaðsins hitti forsetann fyrir á skrifstofu hans á Bessastöðum og eftir að hafa þegið kaffi og meðlæti er forsetinn spurður um tengsl hans við landbúnað í gegnum tíðina.

„Ég ólst upp vestur á fjörðum, bæði á Ísafirði og Þingeyri. Ég bjó á Þingeyri í sjö ár og allmörg sumur auk þess, hjá afa mínun og ömmu, sökum þess að móðir mín glímdi við berklafeiki. Á þeim tíma var þorpið á Þingeyri í raun náðengt sveitunum í kring. Menn héldu þar bæði kýr og kindur, t.a.m. var í næsta húsi við afa og ömmu ágætt fjós. Nábylið við bændurnar í Dýrafirði var einnig ærið mikið. Líf mitt fyrir vestan var því í raun samofið bæði landbúnaði og sjávarútvegi, fólk sinni bæði sjósókn og fiskvinnslu, hélt kýr og kindur og stundaði hefðbundin sveitastörf. Ég hef oft sagt við erlenda viðmælendur mína til að útskýra hversu skammt er síðan að Ísland var í raun samfélag sjálfsþurftarbúskapar, að á hverju hausti varð sérhver fjölskylda að verja einum til tveimur mánuðum til að afla sér vista fyrir veturinn, fylla kjallarann undir húsinu af matvælum. Öll sú vinna gaf okkur sem þá vorum ung ríka tilfinningu fyrir hljófallinu í náttúrunni, samspili manns og lands og sjávar. Þingeyri var í raun og veru í senj sjávarpláss og landbúnaðarþorp. Ég hef oft þakkað mínum sæla fyrir að hafa alist upp í slíku samfélagi.“



– Telurðu að það sé samfélaginu til skaða hvernig tengsl landbúnaðar og þjóðlífs hafa rofnað á síðustu áratugum?

„Við höfum, eins og nánast öll þjóðfélög á Vesturlöndum á síðustu áratugum, farið í gegnum miklar breytingar þar sem borgamyndun og atvinnulíf borganna hefur orðið aðal drifkraftur hagþróunar. Mér finnst hins vegar sem nú hafi orðið viss vatnaskil í umræðunni á heimsvísu sem fela í sér að áhersla á landbúnað, framléiðslu fæðu, réktun lands og varðveislu landsins gæða eru orðin eitt brýnasta dagskráreftni leiðtoga þjóða um

allan heim. Sú sýn, sem var áberandi fyrir tíu eða tuttugu árum, að sveitirnar og landbúnaðurinn væru um aldur og ævi víkjandi og ekkert blasti við þeim annað en samfelld hnignun, er nú mjög röng mynd af þeim áherslum sem við þurfum öll að sameinast um. Það var kannski kjarninn í þeirri ræðu sem ég flutti við setningu Búnaðarþings árið 2008 þegar ég ræddi um fæðuöryggi þjóðarinnar. Það sýnir hve örar breytingarnar hafa orðið að þegar ég var að undirbúa þá ræðu var enn ríkjandi sá hugsunarháttur að hugtak eins og fæðuöryggi væri nokkuð framandi. Nú er það orðið

sjálfsagður þáttur í umræðunni og það er vennt sem veldur því. Annars vegar er sú mikla breyting sem orðið hefur í afstöðunni varðandi loftslagsbreytingar og hvernig eigi að koma í veg fyrir þær. Hins vegar hefur heimskreppan og hrun fjármálalífs sem við og margar aðrar þjóðir glíma við sýnt fram á hverskonar kjölfesta er í því fölgandi að geta, líkt og við gerðum á Þingeyri þegar ég var að alast upp, sofnað á kvöldin í þeirri fullvissu að í kjallaranum væri til nóg af matvælum. Á sama hátt hefur það verið mikilvægt fyrir íslenska þjóð að átta sig á því í þessari hringiðu

erfiðleika hvílik náðargjöf það er fyrir okkur að eiga öfluga landbúnaðarframléiðslu í okkar landi sem skilar þjóðinni nauðsynlegum matvælum á hverjum degi.“

Staða þjóða sterkari með innlendra matvælaframléiðslu
– Heldur þú að þjóð geti verið sjálfstæð án þess að vera sér að talsverðu marki næg um matvæli?

„Fæðukerfi heimsins er orðið mjög margslungið. Í vaxandi mæli eru allar þjóðir hver annari háð hvað það snertir. Það er kannski samhengið í loftslagsbreytingum og samspil orkubúskapar og nýtingar lands sem menn beina vaxandi athygli að. Þess vegna tel ég að engin þjóð geti einangrað sig frá öðrum varðandi eigin fæðuöflun. Ef loftslagsbreytingar hafa í för með sér bráðnun jökla á norður-slóðum er það til að mynda mesta ógn sem stafar af landbúnaði í Bangladesh og fjölmörgum löndum í Asíu. Ég held að það sé þó ljóst að eftir því sem þjóðir geta framleitt meira af fæðu í eigin landi og eftl sinn orkubúskap þá er staða þeirra sterkari. Það sjáum við í okkar tilfelli. Sú staðreynd að við framleðum sjálf mikið af nauðsynlegum matvælum í landinu og byggingu á eigin orkuframléiðslu deyfði mjög höggið af hinu efnahagslega áfalli. Þess vegna höfum við líka sterkari viðspyrnu til að ná okkur á skrið á nýjan leik.“

– Við horfum á gríðarlega erfða efnahagslega stöðu sem bitnar á allri þjóðinni, bændum þar á meðal. Ertu ekki hræddur um að menn geti ekki staðið af sér höggið og það verði þá til þess að þessir möguleikar sem þú hefur nefnt nýtist því ekki sem skyldi?

„Þessir erfiðleikar eru gríðarlegir og koma niður á þúsundum einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja. Mér hefur hins vegar fundist merkleigt á ferðum mínum um landið að undanförunu að finna ótrúlega víða meiri baráttuanda en hin daglega umræða endurspeglar.

Börn og ungmenni af Norðurlandi sýndu glæsileg tilþrif í nýrri reiðhöll

Fjölbreytt og flott atriði á sýningunni Æskan og hesturinn

Æskan og hesturinn var yfirskrift glæsilegrar sýningar í nýrri reiðhöll, Top Reiter-höllinni á Akureyri, en hún var formlega tekin í notkun nú fyrir skömmu. Fjöldi barna og ungmenna tók þátt í sýningunni frá hestamannafélögum víða að af Norðurlandi. Fjöldi barna og ungmenna úr Létti á Akureyri, Þyt í Vestur-Húnvatnssýslu, Hring á Dalvík, Funa í Eyjafirði, Léttfeta, Stíganda og Svada í Skagafirði, Neista á Blönduósi, Glasti á Siglufirði og Grana á Húsavík tóku þátt í sýningunni.

Hestafólkíð unga sýndi fráber tilþrif og er greinilega mjög efnilegt, en aldur sýnenda spannaði frá fjögurra ára aldri upp í 16 ár. Atriðin voru fjölmörg og mikið í þau lagt, vandað til búninga og hestar voru skreytir. Meðal atriða má nefna ævintýri um óskastein í Tindastóli, Kardimommubæinn, Abbasýningu, villtan dans og þá brugðu Húnvetningar gamla tímanum upp fyrir gestum, svo lesendur verði einhverju nær um fjölbreytnina sem í boði var.

Top Reiter-höllin á Akureyri er stærsta reiðhöll landsins, en svo heitir hún samkvæmt samkomulagi við feðgana og velunnara hennar, Herbert „Kóka“ Ólason og Ásgeir son hans, en þeir gáfu hljóðkerfið í húsið og beisli og hnakka, sem ætlað er til æskulýðsstarfa og reiðkennslu.



Aðstaðan í hinu nýju reiðhöll er eins og best verður á kosið og hefur mikil áhrif á hestamennsku á Akureyri, m.a. hvað varðar sýningarhald, keppnir, frístundaiðkun, reiðkennslu og æskulýðsstarf.

MDÞ

Rannveig var í hópi Vestur-Húnvetninga, en þaðan komu krakkar frá hestamannafélaginu Þyt og sýndu gestum reiðhallarinnar hvernig hesta- og smalamennskan var í gamla daga.



Viktória Sól Hjaltadóttir er ekki há í loftinu en tók engu að síður þátt í sýningunni og hafði gaman af. Hjalti Þórarinnsson og Rósa María Stefánsdóttir teyma.



Þátttakendur á sýningunni Æskan og hesturinn voru á öllum aldri. Oddný Sigríður Eiríksdóttir er tveggja ára og Hrafn Viggó Eiríksson fjögurra ára, en þau voru í svonefndum teymingarhóp á sýningunni, glæsilega búin.



Berglind Björk fékk að prófa að fara á bak á Sprotu, sem Almar Þór notaði í atriði Þyts um gamla tímann, en þar var hann í hlutverki krakka á reið milli bæja.



Viktor Kári Valdimarsson sýndi góð tilþrif, en það er Fríða Björg Jónsdóttir sem teymir.



Þessi unga dama hafði meiri áhuga fyrir mat sínum en æskunni á hestunum sem sýndi að baki henni. Það á örugglega eftir að breytast!

Ég hef hitt garðyrkjubændur sem hafa lýst því að ef raforkuverð væri með eðlilegum hætti væri staða þeirra í raun betri en áður var. Ferðahjónustan virðist sömuleiðis búa við það að eftirsurnin er víða um land meiri nú en á undanföllum árum. Landsmenn hafa lagt vaxandi áherslu á að kaupa íslenskt og ferðast innanlands í stað þess að fara utan. Ég held þess vegna að byggðir landsins standi betur að vigi en höfuðborgarsvæðið og landbúnaðurinn nýtur þess. Mér hefur fundist að undanförmu sem ég býi í tveimur heimum. Annars vegar eru það þessir gríðarlegu erfioleikar og hins vegar samræður minar við fólk sem lýsir sóknarferum og bjartsýni. Það er ánægjulegt að finna sóknarkraftinn og viljann til að nýta sér öll tækifæri."

– Ný ríkisstjórn hefur lýst því yfir að sækja skuli um Evrópusambandsaðild. Bændur hafa lýst þeirri skoðun sinni að það gæti orðið greininni gríðarlegt högg. Hver er þín skoðun á því að sótt verði um aðild og deilir þú þessum ótta bændna?

„Sú afstaða sem Evrópusambandið hefur haft til sameiginlegrar nýtingarstefnu í landbúnaði og sjávarútvegi hefur verið ein ástæða þess að Íslendingar og reyndar líka Norðmenn hafa tekið þá afstöðu að standa utan sambandsins þó að samningurinn um Evrópska efnahagsvæðið hafi tengt okkur mjög náð við það. Í samningaviðræðum mun koma í ljós hvort Evrópusambandið lítur á þessi mál að einhverju leyti á nýjan hátt. Það sem skapar okkur fyrst og fremst vanda er spurningin hvort lítil hagkerfi, sem ætla sér virka þátttöku í hinu alþjóðlega umhverfi, geti í ljósi þeirrar alþjóðavæðingar sem einkennir efnahagslíf veraldarinnar – og ég tel litlar líkur á að það muni breytast mikið í komandi framtíð – búið við sjálfstæða mynt.

Það er lykilsurningin sem knýr áfram þessa umræðu; gjaldmiðilinn og aðkoma Íslands að fjármálakerfi veraldarinnar, hvernig getum við varið hagsmunum okkar í þeim efnunum. Það gæti verið kostur að einangra hagkerfið og að loka það að verulegu leyti af en ég efast um að það sé mikil samstaða meðal landsmanna um slíkt. Ég held að þórrí þjóðarinnar vilji áfram taka þátt í alþjóðlegum samskiptum um leið og menn treysta sínar rætur og njóta þess að vera Íslendingar. Því blasir við okkur sú spurning hvernig við komum okkar myntkerfi fyrir. Ég held að í ljósi þessa alls sé mikilvægt að áreita það grundvallaratriði, að það er þjóðin sem á að hafa síðasta orðið í þessu máli. Ég hef ítrekað það og mun gera áfram. Hvorki einstakar atvinnugreinar né stjórnvaldameðgerðir eiga að ráða þessu máli til lykta heldur þjóðin sjálf. Það er sá leiðarvísir sem ég mun fylgja sem forseti."

Ættum að geta náð okkur hratt á strik

– Hvaða vonir og væntingar hefur þú fyrir íslenskan landbúnað og íslenska þjóð á næstu misserum?

„Við höfum orðið fyrir miklu höggi, þjóðin öll, einkum þeir sem

hafa misst sína atvinnu og hluta af sínum tekjum og eignum í kjölfar bankahrunsins. Á hinn bóginn búum við Íslendingar að mikilvægum auðlindum sem ættu að gera okkur kleift að ná okkur hraðar og betur upp úr þessum öldudal heldur en margar aðrar þjóðir. Þar á ég við gæði landsins sem skila okkur öflugum landbúnaði og kraftmikilli ferðahjónustu sem hvort tveggja styrkir efnahag landsins. Okkur hefur líka tekist að varðveita sjávarauðlindir betur en flestar þjóðir. Við búum yfir miklum orkuauðlindum sem gríðarleg eftirsurn er eftir og eignum öflugra sveitvísindamanna og tæknimanna. Við eigum tækniiðnað sem hefur verið að spjara sig mjög vel. Síðast en ekki síst eigum við mjög vel menntaða þjóð, unga kynslóð sem hefur fengið betri menntun og hjálfun heldur en nokkrum árum, einkum ef heimskreppan verður ekki dýpri en útlit er fyrir nú um stundir."

Bændablaðið óskar forsetanum til hamingju með afmælið.

ALLIANCE BÚVÉLADEKKIN ERU AÐ KOMA Í HÚS
GÆÐADEKK Á GÓÐU VERÐI



DEKKJAHÖLLIN
 ECHLSTAÐIR - REYKJAVÍK - AKUREYRI
 471 2002 - 581 3002 - 462 3002
 dekkjahollin.is

VARMA DÆLUR
 Loft í vatni!
 Hámarks hitaframiðsala!
 Lágmarks orkueyðsla!



KYNDING
 EINHILLI Í UPPTAKNAÐI
 www.kynding.is

Sumarbústaður í landi Hallkelshóla í Grímsnesi til sölu, byggður eftir 1960 en hús endurnýjað að fullu árið 1996. Bústaðurinn er skráður 29,9 fm, klæddur að innan og utan og er stór vernd á tvo vegu. Gróin lóð er kringum bústaðinn sem stendur á 0,6 h. leigulandi. Ekki er rafmagn í bústaðnum en sólarsella ásamt köldu vatni og gasvatnshitara.



Uppl. í sínum 661-7159 og 483-4159

GÓÐ KAUP



SP-302B, stærðir 90x90 sm og 96x96 sm. sturtuklefi



SP-902B, stærð 107x107 sm. sturtuklefi



SP-609A, stærð 130x130 sm. sturtuklefi m/baði



Saunaofnar ýmsar gerðir



SP-20SN, stærð 123x123 sm. Infra rauður saunaklefi



Möguleiki á að taka reykrör upp úr vél eða aftur úr henni. Öryggisgler fyrir eldhólf. Trekkspjald fylgir.



Kerran er á 12" (30,5cm) felgum. Búrðargeta 530 kg. - eigin þyngd 66 kg.

GODDI.IS
 Auðbrekku 19, 200 Kóp. S. 5445550

Veggspjald af íslenska hundinum

Ný veggmynd af íslenska fjárhundinum fæst nú hjá Bændasamtökunum. Alls eru 27 fjölbreyttar ljósmyndir af hundum á öllum aldri í glæsilegu umhverfi.

Tvær stærðir eru í boði af spjaldinu af íslenska fjárhundinum, 88 sm X 61 sm og A3.

Verð er kr. 1.500 af stærri gerðinni og kr. 900 af litlu spjöldunum. Að auki bætist við sendingarkostnaður.

Einnig eru fánleg stór veggspjöld af sauðfé, nautgripum og hrossum þar sem fram koma helstu litir og lítaafbrigði íslensks búfjár.

Hringdu í síma 563-0300 eða sendu tölvupóst á netfangið jl@bondi.is til þess að panta veggspjald. Hægt er að greiða með greiðslukorti eða fá sendan greiðsluseðil.




BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS
 www.bondi.is